

G J A L D S K R Á

fyrir

rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

1. gr.

Verð á rafmagni rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar er:

- a. Til ljósa:
 1. Um hemla kr. 480.00 fyrir kilóvattár.
 2. Um mæla kr. 0.60 fyrir kilóvattstund.
- b. Til véla við iðnrekstur um mæla kr. 0.25 fyrir kilóvattstund.
- c. Til fiskþurkunar um mæla kr. 0.20 fyrir kilóvattstund.
- d. Til suðu og hitunar kr. 0.06 fyrir kilóvattstund frá 1. september til 30. apríl og kr. 0.04 fyrir kilóvattstund frá 1. maí til 31. ágúst.
- e. Ársleiga eftir mæli er kr. 8.00, en eftir hemil kr. 2.00.

Ofanskráð gjöld er bæjarstjórninni heimilt að hækka eða lækka um 25% án þess að stjórnarráðsstaðfesting komi til.

2. gr.

Gjald fyrir götuljós og ljós til húseigna og bryggna bæjarins ákveður bæjarstjórnin sjálf. Ennfremur er bæjarstjórninni heimilt að semja um sölu rafmagns á öðru verði en ákveðið er í 1. gr., þegar sérstaklega stendur á.

3. gr.

Gjaldið greiðist ársfjórðungslega eftir á. Þar sem hemill er notaður, greiðist $\frac{1}{4}$ hluti í hvert skipti. Hafi gjaldandi árangurslaust verið krafinn og ekki greitt gjaldið 14 dögum eftir gjalddaga, er rafveitunni heimilt að slita sambandi við hann, eftir skriflega tilkynningu til hans.

Taka má gjaldið lögtaki. Gjaldið greiðist til þess manns, er bæjarstjórn felur innheimtuna. Húsráðandi eða straumnotandi sá, er hefir hemil eða mæli fyrir sig greiðir gjaldið.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. desember 1931 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 46, 2. apríl 1927 fyrir notkun rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. nóvember 1931.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.